

Landsyfirrjettardómar 1887.

Mánudaginn 10. janúarmán.

Nr. 34/1886

Rjettvísín
gegn
Narfa Brandssyni.

D ó m u r:

Með aukarjettardómi Árnassýslu, upp kveðnum að Gerðiskoti 31. d. júlímánaðar 1886, er hinn ákærði, Narfi Brandsson, dæmdur fyrir sauðapjófnað í 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan kostnað sakar þessarar, en dómi þessum hefur hlutað-eigandi amtmaður áfrýjað til landsyfirdómsins.

Það er í sök þessari sannað með játningu hins ákærða og öðrum skýrslum, er fengnar hafa verið, að hann hafi í fyrra haust um rjetta-leytið handsamað veturgamla gimbur ókunnuga, er gekk í búfjárhögunum í Stíflisdal,—en þar var hann þá vinnumaður,— afmarkað hana undir mark manns eins, er hann skuldaði 8 krónur, og sent honum síðan kindina upp í skuld þessa. Brot þetta hefur hjeradsdómarinn með rjettu heimfært undir 231. gr. 1. tölul. í almennum hegningarlögum 25. júní 1869, en þó að eins dæmt ákærða í fangelsis-refsingu við vatn og brauð. Hegning sú, sem hinn ákærði, er að vísu áður hefur verið dæmdur fyrir pjófnað,—en síðan hon-

um var hegnt eru liðin meir en 10 ár—, hefur til unnið samkvæmt ný-nefndri lagagrein, sbr. við 58. gr. hegningarlaganna, virðist hæfilega metin 8 mánaða betrunarhússvinna. Svo á hinn ákærði og að greiða allan kostnað málsins bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 krónur til hvors. Krafa um iðgjöld hefur eigi komið fram í málinu. Rekstur málsins í hjerði hefur eptir atvikum verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Nafi Brandsson, á að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu; svo greiði hann og allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, landritara Jóns Jenssonar og málaflutningsmanns Guðlaugs Guðmundssonar, 10 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 37/1886

Rjettvísinn

gegn

Birni Sigurðssyni.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp í aukarjetti Þingeyjarsýslu 5. júlí f. á., var hinn ákærði, Björn bóndi Sigurðsson á Svalbarðsseli, dæmdur fyrir þjófnað á 1 sauðkind í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, til að lúka 9 kr. ið-